



## Fundargerð

**445. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í fjarfundi á zoom kl. 15:00 fimmtudaginn 28. maí 2020. Þetta er 7. fundur ársins. Fundinum er streymt beint á youtube; <https://youtu.be/XH1PfyxFyx0>

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 8 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Katrín Gunnarsdóttir D lista boðar forföll og í hennar stað er kominn Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D lista.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn, endurskoðendur frá KPMG Auðunn Guðjónsson og Friðrik Einarsson og áheyrendur velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, við málefnskra bætist;

### II. Málefni til umfjöllunar

10. 2004004 Uppbygging þekkingarseturs
11. 2004004 Beiðni til Eldvilja ehf.
12. 1805015 Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf 2020.

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

- 15. maí fundur í verkefnishópi fyrir sveitarfélagið Suðurland.*
- 15. maí fundur með fulltrúum Vatnajökulsþjóðgarðs og Umhverfissráðuneytis vegna göngubrúar yfir Skaftá.*
- 15. maí fundur vegna uppbyggingar þekkingarseturs*
- 18. maí fundur með vettvangsstjórnnum á Suðurlandi vegna Covid 19*
- 19. maí fundur um málefni hjúkrunarheimila á vegum sambands íslenskra sveitarfélaga*
- 19. maí Sunnlenskur samráðsfjarfundur með félags- og barnamálaráðherra og sveitar- og bæjarstjórum á Suðurlandi*
- 20. maí fundur í stjórn Kötlu jarðvangs*
- 20. maí vinnufundur sveitarstjórnar*
- 25. maí kynningarfundur Lánasjóðs sveitarfélaga á úrræðum sjóðsins fyrir sveitarfélögin*
- 25. maí forstöðumannafundur*
- 26. maí fundur með HÍ og Resource vegna umsóknar í tækniþróunarsjóð og næstu skref*
- 27. maí fundur með KPMG vegna ítarlegri greiningar á tekjusamdrætti sveitarfélagsins*
- 27. maí fundur með verkefnisstjórn um þekkingarsetur*
- 28. maí fundur með fulltrúum SRN og Byggðastofnun og sveitarfélögunum 6 sem úttekt Byggðastofnunar fjallar um*

*Unnið er að undirbúningi umsóknar í aukaúthlutun Ísland ljóstengt en skilafrestur umsóknar er 1. júní nk. Á næstu vikum verður unnin ítarleg greining á fjárþörf sveitarfélagsins fyrir endurskoðaða fjárhagsáætlun 2020-2023. Stefnt er að því að leggja fram viðauka á næsta fundi sveitarstjórnar.*



Sunnudaginn 7. júní næstkomandi fagnar Vatnajökulshjóðgarður 12 ára afmæli. Þann dag verður tekin skóflustunga að nýrri gestastofu við Kirkjubæjarklaustur. Athöfnin hefst kl 13:30 á byggingarreit gestastofunnar og boðið verður í veislukaffi í Skaftárstofu í framhaldinu.

## Dagskrá

### I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 156, 26.maí.2020

#### 1. 1810003 – Hátún, skipulags- og matslýsing til auglýsingar.

Fyrir fundi liggur skipulags- og matslýsing sem hefur verið uppfærð og tekur mið af umsögnum frá Fiskistofu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun auk athugasemda frá skipulagsnefnd Skaftárhrepps.

Lýsingin var auglýst á tímabilinu 2.apríl til og með 23.apríl 2020.

Fram komu athugasemdir frá íbúum við Selhólaveg auk umsagnar Skipulagsstofnunar.

*„Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins. Skipulagsnefnd leggur til að umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps fái athugasemdir og umsagnir á skipulags- og matslýsingu Hátúns til yfirferðar og umsagnar. Stefnt er að uppbyggingu á lítt snortnu landi og eðlilegt að málið fái umfjöllun í þeirri nefnd.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að senda skipulags- og matslýsinguna til umhverfis- og náttúruverndarnefndar til umsagnar.*

#### 2. 1908007 - Hrífunes, skipulags- og matslýsing til auglýsingar.

Fyrir fundi liggur skipulags- og matslýsing sem hefur verið uppfærð og tekur mið af umsögnum frá slökkviliði Skaftárhrepps, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógræktinni, Vegagerðinni og Veðurstofu Íslands.

Lýsingin var auglýst á tímabilinu 2.apríl til og með 23.apríl 2020.

Engar athugasemdir bárust en fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar.

*„Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins. Skipulagsnefnd leggur til að umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps fái athugasemdir og umsagnir á skipulags- og matslýsingu Hrífuness til yfirferðar og umsagnar. Stefnt er að uppbyggingu á lítt snortnu landi. Um fágætan birkiskóg er að ræða. Eðlilegt að málið fái umfjöllun í þeirri nefnd.“*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að senda skipulags- og matslýsinguna til umhverfis- og náttúruverndarnefndar til umsagnar.*

#### 3. 1908016 Flaga 2 – Deiliskipulag til samþykktar.

Deiliskipulagið tekur til lóðar með landnúmer 176602, Flaga II land í Skaftárhreppi.

Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er 1,4 ha. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, geymslu, ferðaþjónustuhúsa og bílastæða. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði í deifbýli, V4 þar sem íbúðarhús er nýtt fyrir ferðaþjónustu.

Ein athugasemd barst á auglýsingatíma frá Gunnari Sveinssyni Flögu 1.

Tillagan var auglýst frá og með fimmtudeginum 7.nóv. til og með 19.des. 2019

Fyrir lágu umsagnir Minjastofnunar Íslands, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.



Afgreiðslu málinu var frestað á 154.fundi nefndarinnar. Deiliskipulags uppdráttur hefur verið uppfærður í samráði við Vegagerðina. Vegagerðin hefur lagt inn nýja umsögn.

„Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið og áorðnar lagfæringar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða hana skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þó með þeim fyrirvara að veghelgunarsvæði Hrífunessvegur sé virt.“

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

## **5. 2005009 – Ásahreppur – Óskað umsagnar v. lýsingar ASK 2020-2032.**

Óskað umsagnar vegna skipulags- og matslýsingar fyrir endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032.

“Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Ásahrepps 2020 – 2032.”

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

## **6. 2005010 – Landgræðslan – Framkvæmdaleyfi vegna viðhalds á varnargörðum**

Landgræðslan kt. 710169-3659 óskar eftir framkvæmdaleyfi til viðhalds grjótkápu tveggja varnargarða innan sveitarfélagsins Skaftárhrepps. Annars vegar við varnargarð við austanvert Kúðafljót. Hins vegar er um að ræða varnargarð við Hverfisfljót austanvert, sunnan þjóðvegur 1. Jafnframt óskað eftir því að námur sem unnið verður úr verði skilgreindar sem grjótnámur í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið hvað efnisnám varðar fyrir þessar framkvæmdir en vísar erindinu að öðru leiti til vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags 2020-2032.“

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

## **7. 2005012/13 – Framrás ehf. – Framkvæmdl. v. efnistöku úr Skaftá og Ytri-Dalbæ.**

Ársæll Guðlaugsson f.h. Framrásar ehf. kt. 591289-0558 sækir um námuleyfi í Skaftá og Ytri-Dalbæ skv. meðfylgjandi gögnum, þar sem m.a. landeigendur hafa samþykkt efnistöku fyrir sitt leiti.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.“

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

## **8. 2005016 - Tunga – ósk um stofnun lóðar úr landnúmeri L221411**

Davíð Harðarson fh. Magma hótels ehf. kt. 410217-1040 óskar eftir að stofna nýja lóð út úr Tungu L221411 og fái nafnið Tunga MH2.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið“

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

*Bjarki Guðnason lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næstu tveggja liða.*



## 9. 2005011 – Maríubakki – Breytt notkun húsnæðis.

Bjarki V Guðnason kt. 250675-3219, óskar eftir að breyta notkun veiðihúss í frístundahús. Um er að ræða fasteign F2238428 á landnúmeri L179878.  
„Skipulagsnefnd samþykkir erindið.“

*EBH, AH, JHK og HGÁ staðfesta afgreiðslu nefndarinnar*

## 10. 2005014 – Skriðuvellir 15 – breytt notkun Mhl 02.

Vigfús Halldórsson f.h. Ríkiseigna kt. 690981-0259 óskar eftir að bílskúr sem endurbyggður var 2016 verði skráður í deiliskipulag sem aðstaða fyrir sjúkrabíl. Skúrin var byggður og innréttaður með þær þarfir í huga.  
„Skipulagsnefnd hafnar erindinu í ljósi þess að þetta er skipulagt íbúðasvæði.“

*EBH, AH, JHK og HGÁ staðfesta afgreiðslu nefndarinnar*

*Bjarki Guðnason kemur aftur til fundarins.*

## 11. 1803008/2005015 – Kirkjufellsvatn – Endurnýjun stöðuleyfis.

Jón Þorsteinsson kt. 231170-3679 sækir um endurnýjun stöðuleyfis fyrir veiðhús við Kirkjufellsvatn eins og undanfarin ár.  
„Skipulagsnefnd veitir stöðuleyfi til 6 mánuða. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gera umsækjanda grein fyrir afgreiðslu nefndarinnar.“

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

## 12. 1804001 – Laufskálavarða – Óskað eftir að stofna lögheimili.

Arnór Þórir Sigfússon fh. Sannra Landvætta kt. 421116-1640 óska eftir að geta skráð lögheimili fyrirtækisins að Laufskálavörðu.  
„Skipulagsnefnd vísar erindinu frá.,,

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

## 13. 2005017 - Úthlutunarreglur lóða á Kirkjubæjarklaustri

Lögð fram fyrstu drög að úthlutunarreglum fyrir lóðir á Kirkjubæjarklaustri.  
„Skipulagsnefnd felur formanni skipulagsnefndar og skipulags- og byggingarfulltrúa að uppfæra úthlutunarreglurnar í samræmi við umræðuna á fundinum.“

*Sveitarstjórn staðfestir úthlutunarreglurnar.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn*

13. Fundargerð 44. Fundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og Vestur -Skaftafellssýslu. dags. 21.04.2020.

### **Skólaþjónusta:**

Forstöðumaður, Þórunn Jóna, fer yfir starfsmannamál skólaþjónustunnar. Hún tekur undir bókun á stjórnarfundi, í mars 2019, að bæði stjórnunarþáttur og þáttur kennsluráðgjafar eru



stórlega vanáætlaðir og það fyrirkomulag geti alls ekki gengið lengur miðað við starfsemi deildarinnar. Síðan þá hafa verið breytingar sem leiða af sér aukin viðvarandi og tímabundin stjórnunarumsvif og fjölgun verkefna. Að auki hefur kórónuveirufaraldur haft í för með sér aukið álag á nemendum, foreldra og skóla. Við þessu verður að bregðast.

Mikið hefur mætt á starfsmönnum skólaþjónustunnar með auknum og nýjum, krefjandi áskorunum vegna samkomubanns og tilmæla um félagsforðun. Með lausnamiðaðri nálgun, útsjónarsemi og þrautseigju en ekki síst mikill og óeigingjarnri vinnu hafa þeir tekist á við verkefnin. Þar sem aðstæður eru óvenjulegar mun forstöðumaður bjóða starfsmönnum handleiðslu. Kostnaður rúmast innan fjárhagsramma.

Forstöðumaður hefur veitt náms- og starfsráðgjafa tímabundið leyfi til eins árs. Starf hans er strangt til tekið ekki hluti af sérfræðiþjónustu á vegum skólaþjónustu, skv. reglugerð. Sveitarfélög hafa engu að síður sammælt um að slíkur ráðgjafi starfi í skólunum, undir verkstjórn forstöðumanns. Skv. grunnskólalögum er lagaskylda að í skólunum starfi náms- og starfsráðgjafi. Vilji er til að auglýsa eftir einum slíkum tímabundið í eitt ár.

Framundan er að ráða í fulla stöðu kennsluráðgjafa en í fjárhagsáætlun var ráðgert að ráða í 50%. Enn mun þáttur kennsluráðgjafar vera vanáætlaður og nauðsynlegt að ráða tímabundið í 100% starf annars ráðgjafa, með möguleika á framhaldandi ráðningu.

Auk þess vill stjórn skólaþjónustunnar beina þeim tilmælum til aðildarsveitarfélaganna, að tafarlaust verði auglýst eftir sérkennurum í skólana.

Stjórn óskar eftir nánari kostnaðargreiningu frá forstöðumanni skólaþjónustu vegna stöðu kennsluráðgjafa.

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps beinir því til skólustjóra og leikskólustjóra að auglýsa sameiginlega eftir sérkennara við skólana.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn*

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2005018 Ársreikningur 2019. Fyrri umræða.  
*Auðunn Guðjónsson og Friðrik Einarsson endurskoðendur frá KPMG lögðu fram og kynntu ársreikning sveitarfélagsins og endurskoðunarskýrslu 2019. Sveitarstjórn þakkar fyrir greinargóða yfirferð. Ársreikningi vísað til síðari umræðu.*
2. 2005006 Hamingjulestin - Hamingjuráðherra Skaftárhrepps tilnefning  
*Sveitarstjórn tilnefndi á síðasta fundi sínum Unni Einarsdóttur Blandon sem hamingjuráðherra. Unnur sá sér ekki fært að taka við verkefninu og tilnefnir sveitarstjórn Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur í hennar stað.*
3. 2005019 Tilnefning á aðalfund Hulu bs.  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps tilnefnir Söndru Brá sveitarstjóra sem fulltrúa Skaftárhrepps á aðalfund Hulu bs. sem haldinn verður í byrjun júní.*
4. 2005020 Samstarf D og Z lista.  
*Oddvitar D lista og Z lista leggja til að unninn verði málefнасamningur milli listanna og fallið verði frá núverandi skiptingu milli meirihluta og minnihluta út kjörtímabilið og listarnir vinni þannig að því í sameiningu að bæta samfélagið. Valið verði í embætti og*



verkefni á vegum sveitarfélagsins eftir áhugasviði og kunnáttu fólks hverju sinni óháð pólitík. Með þessu vilja oddvitar beggja lista nýta betur þann mikla mannauð sem í sveitarfélaginu býr ásamt því að virkja samtakamátt íbúanna.

Oddvitar listanna leggja til að ofangreindri vinnu verði lokið fyrir næsta sveitarstjórnarfund þannig að á þeim fundi verði hægt að stokka upp í þeim nefndum sem við á og deila formanns og varaformannsstöðum milli listanna.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur oddvitum D og Z lista að útfæra næstu skref og boða til fundar.

**5. 2005021 Aðgengi að slökkvivatni í Skaftártungu.**

Fyrir fundinum liggur beiðni frá Höddu Björk Gísladóttur fyrir hönd rekstraraðila í Skaftártungu um þátttöku sveitarfélagsins við að koma upp söfnunartanki fyrir slökkvivatn í Skaftártungu. Heildarkostnaður verkefnisins er áætlaður um 5 millj.kr og er óskað eftir að Skaftárhreppur leggi til amk 50%.

Sveitarstjórn hafnar beiðninni. Sveitarfélagið starfar eftir lögum um brunavarnir og eldvarnareftirlit þar sem m.a. kemur fram að eigandi og eftir atvikum forráðamaður skal gera grein fyrir slökkvivatnspörf byggingarinnar og að slökkvivatn við bygginguna eða lóð sé í samræmi við teikningar og eða lög nr 75/2000 og reglugerð 112/2012 msb 4.3.3,9.1.1 og 9.5.5.

**6. 2005022 Refasamningar 2020-2022.**

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá samningum við Umhverfisstofnun varðandi endurgreiðslur á hluta kostnaði við refaveiðar í sveitarfélaginu fyrir næstu þrjú ár eða til 2022.

**7. 2005023 Gagnvirkt ferðalag, erindi frá Markaðsstofu Suðurlands, dags. 15. maí 2020**

Markaðsstofa Suðurlands er að fara af stað að útbúa nýtt gagnvirkt markaðsefni fyrir Suðurland. Verkefnið er styrkt af sóknaráætlun Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu að upphæð 121.565,- sem verður tekið af lið 2140-4913.

**8. 2005024 Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.**

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga verður haldinn 12. júní nk. Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

**9. 1903007 Beiðni um umsögn vegna rekstrarleyfis í Hrífunesi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags.1.júlí 2019.**

EBH, JHK, HGÁ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum.

**10. 2004004 Uppbygging þekkingarseturs.**

Á fundi verkefnisstjórnar um Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri sem haldinn var í fjárfundi, miðvikudaginn 27. maí 2020 var samþykkt eftirfarandi tillaga til sveitarstjórnar Skaftárhrepps:

Verkefnisstjórn um þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri óskar eftir að sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfesti með bókun á næsta fundi sveitarstjórnar að 2. hæð fyrrum heimavistar Kirkjubæjarskóla verði skilgreind formlega sem húsnæði fyrir Þekkingarsetrið, sem komi í stað núverandi húsnæðis á Klausturvegi 2, sem selt hefur verið með afhendingartíma í lok október 2020. Verkefnið um þekkingarsetur fékk á



síðasta ári 67,5 millj. kr. fjárveitingu til þriggja ára af Byggðaaáætlun og sértækri sóknaráætlun Suðurlands. Fyrir liggur að nauðsynlegt er að hefja sem fyrst framkvæmdir við hönnun og undirbúning að 1. áfanga væntanlegs þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri.

Vísað er í bókun sveitarstjórnar Skaftárhrepps, á fundi dags 05.04. 2017, sem samþykkt var í framhaldi af þarfa- og kostnaðargreiningu Eflu ehf á húsnæði fyrrum heimavistar Kirkjubæjarskóla.

„Sveitarstjórn samþykkir að unnið verði að því að húsnæðið verði nýtt samkvæmt tillögu A. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samvinnu við Kirkjubæjarstofu að koma með áætlun um uppbyggingu og fjármögnun verkefnisins”.

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps felur sveitarstjóra og byggingarfulltrúa að vinna að því að 1. áfangi þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri verði að veruleika á haustdögum. 1. áfangi felur í sér flutning á núverandi starfsemi Kirkjubæjarstofu á 2. hæð heimavistarálmu Kirkjubæjarskóla að undanskilinni íbúðinni.*

#### 11. 2004004 Beiðni til Eldvilja ehf.

*Í ljósi mikilla breytinga á rekstrarumhverfi sveitarfélagsins vegna Covid 19 og gríðarlegrar óvissu um tekjur hefur sveitarfélagið skorið niður fjárfestingar og framkvæmdir á árinu. Sveitarstjórn felur því sveitarstjóra að senda erindi á Eldvilja ehf þess efnis að framkvæmdirnar við 1. áfanga þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri verði fjármagnaðar af félaginu í sumar.*

#### 12. 1805015 Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf.2020

*Sveitarstjórn tilnefnir forstöðumann bókasafnsins Björk Ingimundardóttur til að sækja aðalfundinn fh. sveitarfélagsins.*

### III. Fundargerðir til kynningar

1. 51.fundur Katla Geopark, dags. 6.05.2020. *Fundargerð kynnt.*
2. 52. fundur Katla Geopark, dags. 20.05.2020. *Fundargerð kynnt.*
3. 45. fundur Félags- og Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 12.05.2020. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð 884. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20.05.2020. *Fundargerð kynnt.*

### IV. Annað kynningarefni

1. Skipun í starfshóp um Errosetur, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, dags.14.05.2020. *Kynnt.*
2. Fundur lögreglustjóra með bæjar og sveitarstjórum, dags. 18.05.2020. *Kynnt.*
3. Fundur um málefni hjúkrunarheimila, dags. 19.05.2020. *Kynnt.*
4. Minnisblað frá sunnlenskum samráðsfjarfundi, dags. 19.05.2020. *Kynnt.*
5. Heimavist við Fjölbrautarskóla Suðurlands, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, dags.11.05.2020. *Kynnt.*
6. Fjármál sveitarfélaga í kjölfar Covid 19, Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 14.05.2020. *Kynnt.*
7. Fagháskólanám í leikskólafræðum í fjarnámi. Erindi frá Hfsu. *Kynnt.*



Fundargerð lesin upp og samþykkt með staðfestingu undirritaðra sveitarstjórnarmanna í tölvupósti til sveitarstjóra.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 11. júní 2020

Fundi slitið kl.

---

Eva Björk Harðardóttir

---

Bjarki Guðnason

---

Jón Hrafn Karlsson

---

Heiða G. Ásgeirsdóttir

---

Arndís Harðardóttir